

Fjölbrautaskóli Snæfellinga

Leiðbeiningar fyrir val á vorönn 2021

Kæru nemendur, nú er komið að því að velja áfanga fyrir næstu önn.

Allir staðnemendur sem ætla að stunda nám á vorönn 2021 þurfa að ganga frá vali í síðasta lagi föstudaginn 16. október.

Listi yfir þá áfanga sem eru í boði fylgir hér með en hann má einnig finna á heimasíðu skólans og í Innu.

Þið þurfið að skoða brautina ykkar mjög vel til að sjá hvaða áfanga þið þurfið að velja til að halda áfram á brautinni. Þið þurfið að gæta sérstaklega vel að undanfara hvers áfanga, að þið séuð búin með það sem þarf til að geta tekið áfangann sem ykkur langar í.

Nemendur á félags- og hugvísindabraut:

Þið sem eruð að fara yfir á annað ár þurfið að ákveða hvort þið ætlið að taka sögu, sálfræði, viðskiptagreinar eða félagsfræði sem sérhæfingu eða jafnvel öll.

Saga: SAGA2FR05 er forsenda þess að þið getið haldið upp á þriðja þrep.

Sálfræði: SÁLF2IN05 er forsenda þess að geta haldið áfram upp á þriðja þrep og sá áfangi er bara kenndur á haustin.

Félagsfræði: Til að geta farið í félagsfræði á þriðja þrepi þurfið þið að vera búin með FÉLA2KR05 sem er í boði á næstu önn.

Viðskiptagreinar: Bókfærsla, hagfræði og markaðsfræði eru greinar sem falla hér undir.

Nemendur á náttúru- og raunvísindabraut:

Eins og á öðrum stúdentsbrautum þurfið þið að velja 25 einingar í sérhæfingu, bæði á öðru og þriðja þrepi og þið verðið að ákveða á öðru ári í hvaða tveimur fögum þið ætlið að sérhæfa ykkur í og taka fyrsta áfanga þeirra á haustönn ef mögulegt er. Athugið að stærðfræðin sem er í sérhæfingu brautar (STÆR2VH05, STÆR3DF05 og STÆR3HE05) er fyrir utan þessar 25 einingar á öðru og þriðja þrepi.

Til að skrá valið farið þið í INNU og smellið á „val“ sem er lengst til hægri á skjánum ykkar.

Nemendur á íþróttabraut:

Þið sem eruð að fara á aðra önn þurfið að velja eftirtalda áfanga:

ÍPRG1CF02

NÆRI2NÆ05

Þið sem eruð að fara á fjórðu önn þurfið að velja eftirtalda áfanga:

ÍPRG2BT02

LÍOL2BV05

Nemendur sem eru að stefna að útskrift í maí 2021 þurfa að gæta vel að námsferli sínum og gott væri ef þið væruð í sambandi við náms- og starfsráðgjafa eða aðstoðarskólameistara varðandi valið.

Þið veljið svo 2021-1-vorönn, til að skrá valið ykkar.

Þá opnast listi með áföngum í boði og þið veljið með því að smella á nafn áfangans.

Fjöldi eininga í aðalvali: 35

Fjöldi kennslustunda á viku: 28

Fjöldi eininga í varavali: 8

Opna námsferil

Vista val

Staðfesta val

Aðalval

Hámark kennslustunda á viku er 35

1. DANS2LH05	5ein ✕
2. ENSK2SG05	5ein ✕
3. GRTE1FF05	5ein ✕
4. INNÁ1IN05	5ein ✕
5. ÍSLE2MB05	5ein ✕
6. STÆR2GR05	5ein ✕
7. ÞÝSK1GR05	5ein ✕

Varaval

Fjöldi áfanga í varavali á að vera minnst 2 og mest 2

1. TÖLN1GR03	3ein ✕
2. SPÆN1SA05	5ein ✕

Sláðu inn heiti áfanga

MYTN1HNU3	Afmetni troygnist	3	1	3	
NÁSS1ÁM02	Náms- og starfsfræðs..	2	1	3	
SAGA2FR05	Frá upphafi til bylt..	5	2	4	Já Q
SAGA3MH05	Menningarsaga	5	3	4	Já Q
SÁLF1SD05	Sálfræði daglegs líf..	5	1	4	
SÁLF2F005	Sálfræði, áföll, fot..	5	2	3	
SÁLF2IN05	Inngangur að sálfræð..	5	2	4	
SÁLF3JS05	Jákvæð sálfræði	5	3	4	
SKÖS1LI03	Sköpun á sérnámsbrau..	3	1	0	
SKÖS1ST03	Sköpun á sérnámsbrau..	3	1	0	
SKÖS1T003	Sköpun á sérnámsbrau..	3	1	0	
SPÆN1SA05	Spænska 1	5	1	4	
SPÆN1SC05	Spænska 3	5	1	4	Já Q
STAR1AA05	Starfsumhverfi og vi..	5	1	4	
STAS1AL03	Starfsnám í skóla á ..	3	1	2	
STVS1ST03	Starfsnám á vettvang..	3	1	0	
STVS1TV03	Starfsnám á vettvang..	3	1	0	
STÆR1F005	Stærðfræði	5	1	3	
STÆR1GR05	Stærðfræði	5	1	4	
STÆR2GR05	Stærðfræði	5	2	4	
STÆR2SD05	Stærðfræði daglegs l..	5	2	4	
STÆR2TV05	Tölfræði	5	2	4	
STÆR2VH05	Hornaðill og vigrar	5	2	4	
STÆR3DF05	Deildun, föll og mar..	5	3	4	
STÆR3FB05	Línuleg algebra og f..	5	3	3	
STÆR3HE05	Heildun, runur og ra..	5	3	4	

Hér fyrir ofan sjáið þið nemandu sem valdi sér sjö áfanga í aðalval og tvo í varaval eins og þarf að gera. Þið sjáið í áfangalistanum að þeir áfangar sem eru feitletraðir eru þeir sem viðkomandi nemandi valdi. Þegar þið eruð búin að velja þá áfanga sem þið viljið fara í, þá veljið þið að vista val.

Mikilvægt!

Þeir sem ekki skrá val í INNU fyrir 16. október verða ekki skráðir í skólann á næstu önn.